

REGLUGERÐ KSÍ

um knattspyrnumót

I. Kaffi. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Knattspyrnumót

- 1.1. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram í samræmi við knattspyrnulögin og samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ.
- 1.2. KSÍ skal leitast eftir því að gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ, UEFA og FIFA
- 1.3. Knattspyrnuráð, héraðssambönd og aðildarfélag KSÍ geta sett sér eigin mótareglur en þær skulu staðfestar af KSÍ.
- 1.4. Stjórn KSÍ getur sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mót og framkvæmd leikja.

2. gr.

Aldursflokkaskipting

- 2.1. Aldursflokkaskipting leikmanna skal vera sem hér segir:
 - 2.1.1. 1. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 20 ára.
 - 2.1.2. 2. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 17 ára og til og með því almanaksári er hann verður 19 ára.
 - 2.1.3. 3. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 15 ára og til og með því almanaksári er hann verður 16 ára.
 - 2.1.4. 4. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 13 ára og til og með því almanaksári er hann verður 14 ára.
 - 2.1.5. 5. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 11 ára og til og með því almanaksári er hann verður 12 ára.
 - 2.1.6. 6. aldursflokkur: Til og með því almanaksári er leikmaður verður 10 ára..
- 2.2. Hverjum aldursflokki má skipta niður í lið eftir getu. Skal skipta 1. aldursflokki þannig að besta liðið heiti meistaraflokkur og næstbesta 1. flokkur. Öðrum aldursflokkum skal skipt niður í A, B og C lið og svo framvegis. Þeim liðum má skipta eftir getu í lið 1, 2, 3 og svo framvegis.

3. gr.

Hlutgengi

- 3.1. Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem hafa keppnisleyfi skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.
- 3.2. Keppnisleyfi er heimild leikmanns til þátttöku í opinberum knattspyrnuleik, sem fæst sjálfkrafa við fyrstu skráningu í iðkendaskrá KSÍ eða með tilkynningu sem gefin er út af skrifstofu KSÍ í kjölfar félagaskipta.
- 3.3. Lið telst ekki ólöglega skipað hafi leikmaður sem tekið hefur þátt í opinberum knattspyrnuleik aldrei verið skráður í iðkendaskrá KSÍ og er af þeim sökum ekki með keppnisleyfi.
- 3.4. KSÍ getur afturkallað keppnisleyfi ef mistök eða rangfærslur hafa leitt til þess að það var gefið út. Í slíku tilfalli flyst leikmaðurinn í sitt fyrra félag. Mistök KSÍ við útgáfu keppnisleyfis geta með engum hætti orðið til þess að félag verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða ekki til óhlutgengis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.

4.gr.

Framkoma og ábyrgð

- 4.1. Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþrótaanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.
- 4.2. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik.

5.gr.

Trygging iðkenda

- 5.1. Allir samningsbundnir leikmenn skulu váttryggðir skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti samninga og stöðu leikmanna og félaga. Félagi er skylt að senda KSÍ afrit af tryggingarskírteini sínu fyrir slíka leikmenn og skal það gert fyrir 30. apríl.

6.gr.

Verðlaunagripir og verðlaunapeningar

- 6.1. Stjórn KSÍ veitir verðlaunagripir sem vinnast til eignar í öllum mótum á vegum KSÍ þar sem keppt er til úrslita. Í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni KSÍ og deildarbikarkeppni KSÍ skal einnig veita verðlaunagripir sem sigurvegarar varðveita þar til keppt er um þá næst. Stjórn KSÍ getur sett ítarlegri reglur um einstaka verðlaunagripir.
- 6.2. Verði hætt að keppa um verðlaunagrip, sem um hefur verið keppt í landsmóti eða móti, sem er opið fleiri héruðum en einu, skal hann falinn stjórn KSÍ til varðveislu og ráðstöfunar.
- 6.3. Félög, sem hafa undir höndum verðlaunagrip, sem keppt er um í móti á vegum KSÍ, skulu skila honum til mótanefndar eigi síðar en einum mánuði áður en móti næsta árs lýkur.
- 6.4. Sigurvegurum í mótum og þeim sem hafna í 2. sæti skal veita verðlaunapeninga skv. ákvörðun stjórnar KSÍ.
- 6.5. Fjöldi verðlaunapeninga til verðlaunahafa skal vera 20 en þó skal KSÍ heimilt að verðlauna fleiri þátttakendur gerist þess þörf. Þegar við á skal fjöldi verðlaunapeninga vera 14 (innanhússknattspyrna og knattspyrna í 7 manna liðum).

II Kafi. KEPPNISREGLUR

7.gr.

Takmörkun á hlutgengi.

- 7.1. Enginn má leika með yngri aldursflokki en honum ber. Félagi er heimilt að sækja um sérstaka undanþágu fyrir leikmann 15 ára og yngri, ef um er að ræða félagslegar eða læknisfræðilegar ástæður. Umsókn félags skal staðfest af forráðamanni leikmanns og henni skal fylgja vottorð viðurkennds fagaðila, t.d. félagsráðgjafa, sálfræðings eða læknis.
- 7.2. Eldri og yngri aldursflokkar mega ekki keppa innbyrðis.
- 7.3. Taki fleiri en eitt lið frá sama félagi þátt í móti, má enginn leikmaður leika nema með einu liði. Í yngri aldursflokkum er heimilt að víkja frá þessu ákvæði samkvæmt nánari reglum þar um.
- 7.4. Enginn leikmaður má taka þátt í nema einum kappleik sama daginn, nema leikjum hafi verið þannig raðað niður, t.d. í úrslitakeppni og þá einungis í einum aldursflokki. Félagi er heimilt að sækja um sérstaka undanþágu ef sýnt þykir að viðkomandi félag getur ekki mannað 11 manna lið í 3. eða 4. flokki nema með því að nota leikmann úr yngri flokki sem þó hefur leikið

sama dag. Undanþágubeiðni skal skila skriflega til mótanefndar KSÍ a.m.k. þremur sólarhringum fyrir leik og ber mótanefnd að svara umsókn a.m.k. sólarhring fyrir leik.

- 7.5. Félagi er heimilt að leyfa konum að taka þátt í keppni með liði karla í 4. aldursflokki og enn yngri flokkum.

8.gr.

Lágmarksfjöldi leikmanna

- 8.1. Keppni getur ekki hafist, ef færri en 9 leikmenn úr sama liði eru mættir, þegar 10 mínútur eru liðnar frá því að keppni átti að hefjast. Skal hinn skipaði dómari þá gefa skýrslu til KSÍ innan sólarhrings um að leikur hafi ekki getað farið fram og tilgreina ástæður.
- 8.2. Verði leikmenn liðs færri en 7 skal dómari slíta leiknum. Viðkomandi lið telst hafa tapað leiknum 0 - 3 nema staðan hafi verið óhagstæðari fyrir liðið og skal þá sú staða skráð sem úrslit leiksins.

9.gr.

Leikskýrsla

- 9.1. Leikskýrsla skal gerð á þeim eyðublöðum sem KSÍ gefur út eða skv. leiðbeiningum frá KSÍ.
- 9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu og skal tilgreina kennitölu þeirra og liðstjórnar, sbr. þó grein 9.4.
- 9.3. Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Í keppni 11 manna liða skal leikmaður bera númer 1 til 30. Félagi er þó heimilt að nota opið númerakerfi í yngri aldursflokkum, og skulu þá númerin vera frá 1 til 99, en í slíku kerfi er æskilegt að hvert númer sé tengt tilteknum leikmanni.
- 9.4. Leikmenn sem leika í Pepsi-deild eða 1. deild karla eða Pepsi-deild kvenna skulu hafa sama númer í öllum leikjum í deildinni og einnig þegar þeir taka þátt í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki. Hvert númer (1-30) skal aðeins úthlutað einum leikmanni á sama keppnistímabili. Þurfi félag að nota fleiri leikmenn en 30 skal nýr leikmaður bera númer 31, sá næsti 32 o.s.frv. Félög í viðkomandi deildum skulu tilkynna KSÍ um númer leikmanna fyrir 1. maí ár hvert. Leikmenn skulu skráðir þannig á leikskýrslu að fyrst skal skrá markvörð og síðan í númeraröð aðra leikmenn sem hefja leik. Varamarkvörður skal skráður fyrstur í hópi varamanna og síðan aðrir í númeraröð. Á leikskýrslu skal skrá númer leikmanns í stað kennitölu.
- 9.5. Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skal hann rita á skýrsluna hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. Þá skal hann staðfesta úrslit leiks með sms-skeyti til KSÍ skv. nánari leiðbeiningum framkvæmdastjóra KSÍ þar um. Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómari er tilnefndur af KSÍ skal dómari sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrsluna skal setja í póst eigi síðar en næsta virka dag eftir leik eða henni komið þann dag á skrifstofu KSÍ.
- 9.6. Félögum ber skylda til að skrá upplýsingar á leikskýrslum í heimaleikjum sínum í gagnagrunn KSÍ sem hér greinir:
- Úrslit leiks skulu skráð strax að leik loknum.
 - Allar upplýsingar á leikskýrslu í meistaraflokki skulu skráðar innan tveggja klukkustunda frá því að leik lýkur.
 - Í keppni 11 manna liða (öðrum en meistaraflokki) skal skrá upplýsingar á leikskýrslu innan sólarhrings frá því að leik lýkur. Nauðsynlegt er að skrá áminningar, brottvísanir og nöfn dómara.

d) Í keppni 7 manna liða skal skrá upplýsingar á leikskýrslu innan sólarhrings frá því að leik lýkur. Nauðsynlegt er að skrá nöfn dómara.

10.gr.

Búnaður leikmanna

- 10.1. Keppnisbúningur leikmanns er treyja, stuttbuxur og sokkar og skal hann vera í samræmi við knattspyrnulögin eins og annar búnaður leikmanns.
- 10.2. Allir leikmenn sama kappliðs, að undanskildum markverði, skulu vera í eins litum búningi. Séu búningar beggja liðanna svo líkir, að dómara veitist örðugt að greina á milli, skal það félag sem á heimaleik halda sínum aðalbúningi. Sé einhver leikmanna í búningi sem frábrugðinn er búningi félaga hans skal dómari víkja honum af leikvelli þar til ákvæði þessu hefur verið fullnægt.
- 10.3. Félag skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings. Aðallitir keppnisbúnings skulu mest vera þrír en litir treyju þó mest tveir. Litir varakeppnisbúnings skulu vera aðrir en litir aðalkeppnisbúnings. Litir til skreytingar (aukalitir) á keppnisbúningi skulu vera þannig að aðallitir séu vel greinanlegir.
- 10.4. Reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnumanna kveður nánar á um önnur atriði.
- 10.5. Félögum (vallaryfirvöldum) skal heimilt að setja bann við notkun á grasskóm á grasvöllum sínum í landsmótum allra flokka nema meistaraflokks. Heimalið (vallaryfirvöld) skal tilkynna gestaliði við komu á leikstað hvort það hyggist notfæra sér þessa heimild og upplýsa jafnframt dómara um það. Grasskór eru allir takkaskór sem hafa skrúfaða takka.

11.gr.

Keppnisknettir

- 11.1. Það félag eða aðili sem fyrir leik á að ráða skal leggja til knött og varaknetti í leikinn.
- 11.2. KSÍ skal heimilt að semja um notkun knattar af tiltekinni gerð í einstök mót á þess vegum.

III. kafli. MÓTAREGLUR

12.gr.

Mótanefnd KSÍ

- 12.1 Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála KSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd.

13.gr.

Þátttökuréttur

- 13.1. Aðildarfélög KSÍ eiga rétt á að taka þátt í öllum opinberum knattspyrnumótum nema mótareglur kveði á um annað.
- 13.2. Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti, nema mótareglur kveði á um annað.
- 13.3. Stjórn KSÍ skal í samráði við mótanefnd ákveða þátttökugjöld í mótum á vegum KSÍ.
- 13.4. Þátttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 20. janúar. Félög sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þátttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema með fylgi helmingur þátttökugjalda, helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni

(ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda skal inna af hendi eigi síðar en 30. apríl sama ár ella hefur þátttökutilkynningin ekki verið staðfest.

14.gr.
Sameiginleg lið

- 14.1. Heimilt er tveimur félögum eða fleiri að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi eða öðrum félögum í sama aldursflokki.
- 14.2. Félög sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, skulu gera um það skriflegt samkomulagt og senda stjórn KSÍ til staðfestingar fyrir 20. janúar, til þess að það geti öðlast gildi á komandi keppnistímabili. Í slíku samkomulagi skal koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit.
- 14.3. Ákveði tvö eða fleiri félög að senda sameiginlegt lið til þátttöku í landsmótum skal sameiginlega liðið halda sæti þess félags, sem rétt á til að leika í hæsta riðli eða deild næsta keppnistímabil.
- 14.4. Ákveði félag, sem á aðild að sameiginlegu liði að senda eigið lið til þátttöku í landsmótum viðkomandi aldursflokks skal líta svo á, að sameiginlega liðið hafi hætt þátttöku. Félög, sem eiga aðild að sameiginlegu liði sem hættir keppni þurfa að hefja keppni að nýju í lægsta riðli eða deild í viðkomandi aldursflokki. Félögin geta þó sótt um til stjórnar KSÍ að halda sæti sameiginlega liðsins.

15.gr.
Framkvæmd og skipulag leikja

- 15.1. Aðildarfélög KSÍ annast framkvæmd heimaleikja sinna og greiða kostnað vegna þeirra nema mótareglur kveði á um annað. Þá annast aðildarfélög KSÍ framkvæmd þeirra leikja er mótanefnd kann að fela þeim.
- 15.2. Aðildarfélög KSÍ skulu sjálf standa straum af ferða- og upphaldskostnaði í leikjum sínum nema mótareglur kveði á um annað.
- 15.3. Aðildarfélög KSÍ sem sjá um framkvæmd leikja, skulu í einu og öllu fara eftir útgefinni leikjaskrá. Í Pepsi-deild karla, 1. deild karla og aðalkeppni bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla skal senda mótanefnd skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld strax að leik loknum og eigi síðar en 8 dögum frá því að leikur fór fram.
- 15.4. Reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini kveður á um hverjir hafa ókeypis aðgang að leikjum.
- 15.5. Milli kappleikja hjá sama liði skulu líða minnst 2 heilir dagar, en heimilt er mótanefnd að stytta þennan tíma ef nauðsyn krefur.
- 15.6. Farist kappleikur fyrir eftir ákvörðun dómara eða mótanefndar vegna veðurs eða annarra orsaka eða leik er hætt áður en fullum leiktíma er náð, skal leikurinn fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið.
- 15.7. Breyting á útgefinni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginni heimild mótanefndar. Komi félög sér saman um breytingar á leikdegi skal mótanefnd heimilt að samþykkja það. Ef leikaðilar breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum KSÍ. Mótanefnd getur hins vegar haga niðurröðun þannig á næsta ári, að viðkomandi félög missi einn heimaleik í sömu keppni og sama aldursflokki. Ef lið er svipt einum eða fleiri heimaleikjum skal það gert eftir töfluröð.
- 15.8. Mótanefnd er heimilt að færa lið niður um riðil/deild í yngri flokkum, berist henni rökstudd ósk um það frá stjórn hlutaðeigandi félags með þátttökutilkynningu.
- 15.9. Ef sæti losnar í riðli/deild í yngri flokkum skal mótanefnd ákveða hvaða félag tekur sætið sem losnar.

- 15.10. Mót á vegum aðildarfélaga KSÍ skal tilkynna mótanefnd fyrir 1. mars ár hvert og þau dagsett í samráði við hana.
- 15.11. Heimboð erlendra knattspyrnuflokka svo og utanferðir innlendra flokka skulu vera í samráði við viðkomandi knattspyrnuráð og mótanefnd KSÍ.

16.gr.

Úrslitakeppnir

- 16.1. Mótanefnd annast skipulag og niðurröðun úrslitaleikja og úrslitakeppna í yngri flokkum, en getur falið einstökum félögum að hafa umsjón með keppni. Mótanefnd er heimilt án endurgjalds að setja úrslitaleik í yngri aldursflokkum á völlum félags sem tekur þátt í mótum yngri aldursflokka. Mótanefnd skal í samráði við dómaranefnd KSÍ hafa eftirlit með úrslitaleikjum og eftir því sem unnt er framkvæmd úrslitakeppna, sem félögum er falið að annast.
- 16.2. Ef félög vilja hafa umsjón með úrslitakeppni í yngri flokkum karla eða kvenna skulu þau tilkynna mótanefnd það fyrir 1. júlí. Umsókn félags um tiltekna keppni er eingöngu bindandi fyrir félagið ef það hefur unnið sér rétt til að taka þátt í henni. Umsóknirnar eru ekki bindandi fyrir mótanefnd en þær skulu hafa forgang ef kostur er á því.
- 16.3. Mótanefnd getur heimilað félögum á einstökum landssvæðum að senda úrvalslit í úrslitakeppni einstakra móta. Umsókn frá hlutaðeigandi félögum skulu berast mótanefnd KSÍ fyrir 1. júlí.

17.gr.

Lögmæti kappleiks

- 17.1. Kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.
- 17.2. KSÍ getur lagt bann við að kappleikur fari fram, ef sýnt þykir, að ekki verði farið eftir gildandi reglum.

18.gr.

Knattspyrnuvelli

- 18.1. Leikir í knattspyrnumótum á vegum KSÍ skulu fara fram á leikvöllum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnuvelli. Eftirfarandi flokkun skal fylgt um lágmarkskröfur:

Flokkur	Karlar	Konur
A	Úrslitaleikur í bikarkeppni KSÍ	
B	Pepsi-deild Undanúrslit í bikarkeppni KSÍ	Úrslitaleikur í bikarkeppni KSÍ
C	1. deild 8 og 16 liða úrslit í bikarkeppni KSÍ	Pepsi-deild Undanúrslit í bikarkeppni KSÍ
D	2. deild 3. deild 2. aldursflokkur 3. aldursflokkur 4. aldursflokkur Bikarkeppni KSÍ að 16 liða úrslitum	1. deild 2. aldursflokkur 3. aldursflokkur 4. aldursflokkur Bikarkeppni að undanúrslitum

E	Knattspyrna í 7 manna liðum	Knattspyrna í 7 manna liðum
---	-----------------------------	-----------------------------

Í mótum, sem falla undir flokk D eða E skal leitast við að leikir fari fram á leikvöllum með annaðhvort grasi eða knattspyrnugrasi. Mótanefnd KSÍ skal heimilt að veita félögum undanþágu frá þessari flokkun í einstökum leikjum.

- 18.2. Félög skulu tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvalla sinna fyrir 20. janúar ár hvert. Uppfylli leikvöllur félags ekki kröfur um lágmarksstærð skal umsókn þess um þátttöku í mótum á vegum KSÍ hafnað. KSÍ skal gera grein fyrir leikvöllum félaganna á heimasíðu KSÍ undir félagatali.
- 18.3. Félag eða aðili sem fyrir leik á að ráða skal tryggja fyllsta öryggi leikmanna og dómara leiksins. Á öllum leikvöllum skulu vera tiltækar sjúkrabörur og aðstaða og annar útbúnaður til þess að sinna fyrstu hjálp ef slys ber að höndum.
- Í mótum sem falla undir flokka A, B og C skal eftirfarandi gilda eða vera til staðar:
- Búningsherbergi beggja liða skulu útbúin nuddbekk og krítar- eða tússtöflu og skulu þau vera frátekin fyrir viðkomandi lið og starfsmenn leikja frá því 75 mín fyrir leik og þar til 45 mín eftir að leik lýkur.
 - Búningsherbergi dómara leiks skulu útbúin borði og stólum svo að þeir geti sinnt þar viðeigandi skýrslugerð.
 - Spjöld vegna leikmannaskipta skulu vera tiltæk.
 - Tvennar sjúkrabörur skulu vera tiltækar.
 - Ef þörf er á, skal tryggt með gæslu að leið leikmanna og dómara leiksins milli búningsherbergja og leikvallar sé varin á þann hátt að öruggt sé að áhorfendur geti ekki veist að þeim.

19.gr.

Dómaramál

- 19.1. Með þátttökutilkynningum í landsmót og bikarkeppnir skal tilgreina nafn á einum starfandi dómara næsta keppnistímabil, fyrir hvert lið, sem tilkynnt er þátttaka fyrir. Einnig skal koma fram nafn þess sem hefur umsjón með málefnum dómara hjá félaginu.
- 19.2. KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:
- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
 - keppni U23 ára liða karla,
 - A og B deild 2. flokks karla og kvenna
 - bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,
 - úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.
- KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni U23 ára liða og leikjum 2. aldursflokks.
- 19.3. Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:
- landsmótum yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í A og B deild 2. flokks karla og kvenna]
 - bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum],
 - keppni eldri flokka (riðlakeppni).
- Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:
- keppni U23 ára liða karla,
 - Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks,
 - keppni eldri flokka (riðlakeppni),
 - í öðrum leikjum
- Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.

- 19.4. KSÍ getur falið félagi, sem hefur umsjón með úrslitakeppni í yngri flokkum, að annast dómgæslu í viðkomandi keppni.
- 19.5. Hafi dómari eða aðstoðardómari með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs. Þessi regla á við þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómara og aðstoðardómara. Sömu tímamörk gilda einnig þegar KSÍ ber ábyrgð á dómara og/eða aðstoðardómurum. Skal í slíkum tilfellum setja leikinn á að nýju á sama velli og áður. Greiðir KSÍ þá allan kostnað vegna dómara og/eða aðstoðardómara, svo og ferðakostnað aðkomuliðs. Í riðlakeppni 3. deildar karla og riðlakeppni 1. deildar kvenna skal leikur þó fara fram þrátt fyrir að aðstoðardómari tilnefndir af KSÍ mæti ekki til leiks og skal þá leikið án aðstoðardómara eða með aðstoðardómurum tilnefndum af heimaliði skv. ákvörðun dómarsins.
- 19.6. Noti dómari rétt sinn til að fresta leik eða slíta skal hann ganga frá skýrslu og skýra ástæðu ákvörðunar sinnar. Slík skýrsla skal send skrifstofu KSÍ næsta virka dag eftir leik.
- 19.7. Af hverjum leik sem fram fer í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla og Pepsi-deild og 1. deild kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og upphaldskostnaði dómara og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds í ofangreindum deildum og greiðslur til dómara vegna upphaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni U23 ára liða karla og A og B deild Íslandsmóts 2. flokks karla og kvenna skal heimalið greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara.

20. gr.

Töfluröð í stigakeppni

- 20.1. Leikjum í stigakeppni er að öllu jöfnu raðað eftir þessum töflum:

3-4 lið:

1. umferð	1-4	2-3
2. umferð	4-3	1-2
3. umferð	2-4	3-1

5-6 lið:

1. umferð	1-6	2-5	3-4
2. umferð	1-2	5-3	6-4
3. umferð	3-1	4-5	2-6
4. umferð	2-3	1-4	6-5
5. umferð	5-1	3-6	4-2

7-8 lið:

1. umferð	1-8	2-7	3-6	4-5
2. umferð	1-2	7-3	6-4	8-5
3. umferð	3-1	4-7	5-6	2-8
4. umferð	1-4	2-3	7-5	8-6
5. umferð	5-1	4-2	6-7	3-8
6. umferð	1-6	2-5	3-4	8-7
7. umferð	7-1	6-2	5-3	4-8

9-10 lið:

1. umferð	1-10	2-9	3-8	4-7	5-6
2. umferð	10-6	1-2	9-3	8-4	7-5
3. umferð	2-10	3-1	4-9	5-8	6-7
4. umferð	10-7	1-4	2-3	9-5	8-6
5. umferð	3-10	5-1	4-2	6-9	7-8
6. umferð	10-8	1-6	2-5	3-4	9-7
7. umferð	4-10	7-1	6-2	5-3	8-9
8. umferð	10-9	1-8	2-7	3-6	4-5

9. umferð	5-10	9-1	8-2	7-3	6-4	
11-12 lið:						
1. umferð	2-11	3-10	4-9	5-8	6-7	1-12
2. umferð	8-6	9-5	10-4	11-3	1-2	12-7
3. umferð	3-1	4-11	5-10	6-9	7-8	2-12
4. umferð	9-7	10-6	11-5	1-4	2-3	12-8
5. umferð	4-2	5-1	6-11	7-10	8-9	3-12
6. umferð	10-8	11-7	1-6	2-5	3-4	12-9
7. umferð	5-3	6-2	7-1	8-11	9-10	4-12
8. umferð	11-9	1-8	2-7	3-6	4-5	12-10
9. umferð	6-4	7-3	8-2	9-1	10-11	5-12
10. umferð	1-10	2-9	3-8	4-7	5-6	12-11
11. umferð	7-5	8-4	9-3	10-2	11-1	6-12

- 20.2. Fyrri talan táknað heimalið en seinni talan gestalið. Ef leikin er tvöföld keppni, snúast tölurnar við í seinni umferðinni.
- 20.3. Ef mörg lið frá sama héraði eða nærliggjandi svæði eiga að leika á sama degi er heimilt að víkja frá ákvæðum þessum.

21. gr.
Stigakeppni

- 21.3. Sigurvegari í stigakeppni er það lið sem hlýtur flest stig og í 2. sæti er það lið sem hlýtur næst flest stig o.s.frv. Röð liða í stigakeppni ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi (sbr. þó grein 21.4):
- Fjöldi stiga.
 - Markamismunur (skoruð mörk að frádregnum fengnum mörkum).
 - Fjöldi skoraðra marka.
 - Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
 - Markamismunur í innbyrðis leikjum.
 - Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.
 - Fjöldi skoraðra marka á útivelli í innbyrðis leikjum.
- Ef úrslit fást ekki skv. framangreindu í meistaraflokki, skulu liðin leika úrslitaleik (úrslitaleiki ef fleiri en tvö lið) ef nauðsyn krefur, en í öðrum flokkum skal ákvarða röð með hlutkesti.
- 21.4. Í keppni 7 manna liða í 5. aldursflokkum eða yngri skal röð ákvarðast samkvæmt eftirfarandi:
- Fjöldi stiga.
 - Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
 - Hlutkesti.

22. gr.
Leikið til þrautar

- 22.1. Þegar leikið er til þrautar í útsláttarkeppni skal framlengt ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma. Ef enn er jafnt skal fara fram vátaspyrnukeppni skv. ákvæðum knattspyrnulaganna.
- 22.2. Ef lið skilja jöfn í úrslitaleik að loknum venjulegum leiktíma, skal framlengja leikinn og sé enn jafnt skal fara fram vátaspyrnukeppni skv. ákvæðum knattspyrnulaganna.
- 22.3. Ef til framlengingar kemur skal gefa hlé í 5 mínútur frá lokum venjulegs leiktíma þar til framlenging hefst. Ekki skal gefa leikhlé milli hálfleikja í framlengingu, heldur hefja leik að nýju strax og lið hafa skipt um vallarhelming.
- 22.4. Þegar leikið er til þrautar í útsláttarfyrikomulagi þannig að leikið er í tveimur leikjum, heima og heiman, þar kemst það lið áfram, sem skorað hefur fleiri mörk samanlagt í báðum leikjum viðkomandi liða. Fáist ekki úrslit þannig, skal það lið komast áfram sem skorað hefur fleiri

mörk á útivelli. Fáist ekki úrslit þannig, skal framlengt í síðari leik liðanna og sé enn jafnt (enn gildir, að það lið kemst áfram sem skorað hefur fleiri mörk á útivelli), skulu úrslitin ráðin með vítaspyrnukeppni.

IV. Kafli. KNATTSPYRNUMÓT KSÍ

23.gr.

Meistaraflokkur karla

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 3. deild er heimilt að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í Pepsi-deild karla, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

23.1. Íslandsmót

- 23.1.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttökuliðum skipt í 4 deildir. Pepsi-deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum og 3. deild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deildar.
- 23.1.2. Tvö neðstu liðin í Pepsi-deild færast næsta leikár niður í 1. deild og tvö efstu liðin í 1. deild færast næsta leikár upp í Pepsi-deild.
- 23.1.3. Tvö neðstu liðin í 1.deild færast næsta leikár niður í 2. deild og tvö efstu liðin í 2. deild færast næsta leikár upp í 1.deild.
- 23.1.4. Tvö neðstu liðin í 2. deild færast næsta leikár niður í 3. deild og tvö efstu liðin í 3. deild færast næsta leikár upp í 2. deild.
- 23.1.5. Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 3. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Fyrst skal fara fram riðlakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 2. deild. Við skiptingu á riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.
- 23.1.6. Í öllum deildum er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni. Heimilt er í 3.deild að víkja frá þessu ákvæði.
- 23.1.7. Við niðurröðun leikja skal miða við að hvert lið leiki einn leik í viku en mótanefnd getur þó raðað þéttar niður.
- 23.1.8. Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu tveimur umferðum í Pepsi-deild karla á sama tíma. Sama gildir um síðustu tvær umferðir í 1. deild karla. Leikir í þessum umferðum, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum (rétt til þátttöku í Evrópukeppni), skulu ávallt fara fram á sama tíma. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessum umferðum, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.
- 23.1.9. Lögð skal áhersla á að leikir fari fram á völlum með grasi eða knattspyrnugrasi. Sé leikið á malarvelli (2. eða 3. deild) skal framkvæmdaraðili leiks (heimalið) tilkynna aðkomuliði um það með sólarhrings fyrirvara.
- 23.1.10. Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í 3. deild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í Pepsi-deild, 1. eða 2. deild, skal liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjast upp um deild. Ef félag fær ekki þátttökuleyfi skv. leyfiskerfi KSÍ skal fara með flutning liða milli deilda og þátttöku þeirra skv. leyfishandbók KSÍ.
- 23.1.11. Heimalið greiðir kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálft ferða- og upphaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er

aflýst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna félaginu það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar fyrir 18 manns (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómari verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Hafi leiknum verið aflýst með meira en 24 stunda fyrirvara á aðkomulið ekki rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar. Mótanefnd KSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.

23.1.12. Tekjur af seldum aðgöngumiðum skulu renna til heimaliðs, en tekjur af útvarpi og sjónvarpi skiptist milli leikaðila. Við aðgöngumiðasölu skal skylt að nota númeraða miða. Stjórn KSÍ getur ákveðið lágmarksverð aðgöngumiða.

23.2. Bikarkeppni KSÍ

23.2.1. Þátttaka í bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.

23.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni

23.2.3. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

23.2.4. Draga skal um hvaða lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli sbr. þó gr. 23.2.6. Keppnin skal vera tvískipt:

a. Undankeppni

b. Aðalkeppni

23.2.5. Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í Pepsi-deild. Svæðakeppni skal viðhöfð í undankeppninni og keppni liðanna hagað svo, að 20 lið komist áfram í aðalkeppnina. Skal undankeppni lokið fyrir miðjan júní.

23.2.6. Aðalkeppnin (32-liða úrslit) skal hefjast eftir miðjan júní og hefja þá liðin sem leika í Pepsi-deild þátttöku. Mótanefnd skal jafnframt heimilt í vissum tilfellum að ákveða að leikur fari fram á hlutlausum velli ef rökstudd ósk þess efnis berst frá báðum aðilum sökum fjarlægðar.

23.2.7. Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september. Mótanefnd annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.

23.2.8. Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á

23.2.9. Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnislíða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði.

23.2.10. Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu. Verði að aflýsa leik, gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti.

23.2.11. Af leikjum í aðalkeppni skal greiða gjald í sameiginlegan sjóð af nettótekjum þar sem til tekna eru aðeins taldir seldir aðgöngumiðar, sem hér segir:

Af leikjum í 2. umferð aðalkeppni 10%.

Af leikjum í 3. umferð aðalkeppni 10%.

Af undanúrslitaleikjum 15%.

Af úrslitaleik 15%.

23.2.12. Sameiginlega sjóðnum, sem skal vera í vörslu KSÍ, skal skipt þannig að fyrst er greitt tap, sem þátttökuaðilar hafa orðið fyrir, og skal greitt hlutfallslega nægi sjóðurinn ekki fyrir öllu tapinu. Verði afgangur, skiptast eftirstöðvarnar milli þátttökuaðila í hlutfalli við greiðslur í sjóðinn.

23.2.13. Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.

23.2.14. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn bikarkeppninnar.

23.3. Meistarakeppni KSÍ

- 23.3.1. Árlega skal fara fram leikur milli Íslandsmeistara og bikarmeistara KSÍ. Sé sama félag í senn Íslandsmeistari og bikarmeistari skulu Íslandsmeistararnir leika gegn liði því sem varð nr. 2 í Pepsi-deild.
- 23.3.2. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 23.3.3. Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Venjulegur kostnaður við leiki, þ.e. vallarleiga, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði. Hagnaður eða tap af leiknum skal skiptast jafnt milli leikaðila.

23.4 Samningsskylda

- 23.4.1 Allir leikmenn sem taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum á tímabilinu 1. maí til 15. október í meistaraflokki með félagi sem á sæti í Pepsi-deild karla skulu vera á samningi samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Leikmenn 2. aldursflokks eða yngri eru undanskildir ákvæði þessu.
- 23.4.2 Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 23.4.1 skal félaginu gefinn frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.

24.gr.

Keppni leikmanna 23 ára og yngri (karla)

Aldur: 23 ára á almanaksárinu og yngri (auk 6 eldri leikmanna)

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Skiptingar: Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5

24.1. Íslandsmót

24.1.1. Þátttökurétt hafa öll félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks sama keppnistímabil.

24.1.2. Liðum skal skipt í deildir eftir getu og heimilt er að skipta deildum í 2 riðla. Leikin skal stigakeppni, einföld eða tvöföld umferð heima og heiman, háð fjölda liða. Lið skulu færast milli deilda eftir árangri og sigurvegari í efstu deild telst Íslandsmeistari. Mótanefnd ákveður nánar um keppnisfyrirkomulag þegar þátttaka liggur fyrir.

24.1.3. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags sem eru 23 ára á almanaksárinu og yngri, auk 6 eldri leikmanna.

24.1.4. Liðin skulu sjálf standa straum af ferðakostnaði sínum, en annan kostnað vegna leiksins greiðir heimalið.

25.gr.

2. flokkur karla

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Skiptingar: Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5

25.1. Íslandsmót

25.1.1. Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A deild skal skipuð 10 liðum, B deild 10 liðum og C deild skal skipuð þeim félögum sem ekki eiga lið í A eða B deild. Heimilt er að skipta C deild í riðla. Sigurvegari í A deild telst Íslandsmeistari.

Ákvæði til bráðabirgða 2008:

Mótanefnd KSÍ ákvarðar hvaða ný lið taka sæti í A og B deild vegna fjölgunar liða í A deild úr 8 í 10 og í B deild úr 9 í 10 árið 2008, með hliðsjón af 25.1.4.

- 25.1.2. Í öllum deildum skal leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í C deild getur mótanefnd vikið frá þessu ákvæði. Keppnin er stigakeppni.
- 25.1.3. Þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta keppnisár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Þau tvö lið, sem verða neðst í B deild falla næsta keppnisár niður í C deild, en tvö efstu liðin í C deild taka sæti þeirra í B deild. Sé C deild leikin í riðlum skal fara fram úrslitakeppni um tvö laus sæti í B deild skv. ákvörðun mótanefndar.
- 25.1.4. Ef sæti losnar í A eða B deild flyst liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan upp um deild.
- 25.1.5. Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.
- 25.1.6. Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 2. aldursflokks B liða er ber nafnið 2. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 2. flokki B hefur engin áhrif á 2. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.

25.2. Bikarkeppni KSÍ

- 25.2.1. Þátttaka í bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 25.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 25.2.3. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 25.2.4. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 25.2.5. Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

26.gr.

3. flokkur karla

11 MANNA LIÐ

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 80 mín. (2 x 40 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Skiptingar: Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5

26.1. Íslandsmót - 11 manna lið

- 26.1.1. Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A deild skal skipuð 8 liðum, B deild 8 liðum og C deild skal skipuð þeim félögum sem ekki eiga lið í A eða B deild. Heimilt er að skipta C deild í tvo eða þrjá hópa ef þurfa þykir. Einnig er mótanefnd heimilt að skipta C deild í hópa eftir landshlutum telji hún ástæðu til.
- 26.1.2. Þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta keppnisár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Þau tvö lið, sem verða neðst í B deild falla næsta keppnisár niður í C deild. Tvö efstu liðin í C deild skulu flytjast í B deild næsta keppnisár. Ef C deild er skipt í hópa skal mótanefnd ákveða fyrirkomulag úrslitakeppni C deildar sem ákvarði hvaða félög flytjist í B deild og hvaða félag teljist sigurvegari C deildar.
- 26.1.3. Í öllum deildum skal leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Þó er mótanefnd heimilt að gera undantekningu varðandi C deild. Keppnin er stigakeppni.
- 26.1.4. Eftir deildarkeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn. Í úrslitakeppninni skulu leika sigurvegarar A, B og C deild og lið í öðru sæti A deildar. Leikið er með útsláttarfyrirkomulagi. Í undanúrslitum leikur A1 gegn C1 og A2 gegn B1. Síðan skal fara fram úrslitaleikur. Deildakeppni skal fara fram á tímabilinu maí til ágúst og úrslitakeppni í september.
- 26.1.5. Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir. Þegar félag er með þrjú A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 eða 2 er ekki heimilt að leika með liði 3 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 3 þar á eftir.
- 26.1.6. Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks B liða er ber nafnið 3. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki B hefur engin áhrif á 3. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.
- 26.1.7. Þegar félag er með tvö B lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

26.2. Bikarkeppni KSÍ

- 26.2.1. Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 26.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 26.2.3. Keppnin er svæðakeppni og skal landinu skipt í fjögur svæði: Suður- og Vesturland, Vestfirði, Norðurland og Austurland.
- 26.2.4. Á Suður- og Vesturlandi skal leikið með útsláttarfyrirkomulagi þannig, að sigurvegari leiks heldur áfram en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 26.2.5. Á hinum landssvæðunum skal leikið með sama hætti og á Suður- og Vesturlandi. Mótanefnd er þó heimilt að láta leika með útsláttarfyrirkomulagi þannig, að bæði sé leikið heima og heiman.
- 26.2.6. Félag sem ferðast til leiks, skal greiða ferða- og uppihaldskostnað sinn.

7 MANNA LIÐ

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 5.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

26.3. Íslandsmót - 7 manna lið

- 26.3.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.
- 26.3.2. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.
- 26.3.3. Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.
- 26.3.4. Mótinu er skipt í tvo hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 26.3.5. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann.
- 26.3.6. Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

27.gr.
4. flokkur karla

11 MANNA LIÐ

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

27.1. Íslandsmót - 11 manna lið

- 27.1.1. Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í svæði: Suðurland, Vesturland og Vestfirðir (A, B og C riðill), Norðurland (E riðill), Austurland (F riðill). Keppnin er stigakeppni.
- 27.1.2. Þau tvö lið sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu liðin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli. Þau tvö lið sem verða neðst í B riðli falla næsta keppnisár niður í C riðil en tvö efstu liðin í C riðli taka sæti þeirra í B riðli.
- 27.1.3. Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.
- 27.1.4. Mótanefnd skal leitast við að hafa ekki færri leiki en átta á hvert lið.
- 27.1.5. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess.
- 27.1.6. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og skal skipa liðum í tvo riðla sem hér segir:
Riðill 1: A1, A3, B2 og C1.
Riðill 2: A2, B1, E1 og F1.
Ef F1 tekur ekki þátt í úrslitakeppni kemur E2 í stað þess.
(Hér táknar A1: Lið nr. 1 í A riðli í undankeppni o.s.frv.)
- 27.1.7. Í úrslitakeppni skal leikið sem hér segir:
Leikdagur 1: A1 - A3 og B2 - C1 / A2 - F1 og B1 - E1.
Leikdagur 2: A1 - B2 og A3 - C1 / F1 - E1 og A2 - B1.
Leikdagur 3: C1 - A1 og B2 - A3 / B1 - F1 og E1 - A2.
- 27.1.8. Sigurvegarar riðla í úrslitakeppni skulu leika úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar og skal leikið til þrautar. Ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma skal framlengt. Sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni. KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við leikinn og skal hann miðast við 18 manns.
- 27.1.9. Keppnin skal hefjast í maílok og ljúka í ágústlok.

- 27.1.10. Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokks B liða er ber nafnið 4. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 4. flokki B hefur engin áhrif á 4. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti. Úrslitakeppni 4. flokks B fer fram skv. ákvörðun mótanefndar.
- 27.1.11. Þegar félag er með tvö B lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.
- 27.1.12. Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokks C liða er ber nafnið 4. flokkur C. Leitast skal við að C liðin leiki við sömu andstæðinga og B liðin. Útkoma liða í 4. flokki C hefur engin áhrif á 4. flokk B. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með A eða B liði félagsins í Íslandsmóti. Úrslitakeppni 4. flokks C fer fram skv. ákvörðun mótanefndar.
- 27.1.13. Þegar félag er með tvö C lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir

7 MANNA LIÐ

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

27.2. Íslandsmót - 7 manna lið

27.2.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

27.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.

27.2.3. Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.

27.2.4. Mótinu er skipt í tvo hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.

27.2.5. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann.

27.2.6. Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

28.gr.

5. flokkur karla

Aldur: 12 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 40 mín. (2 x 20 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

28.1. Íslandsmót

28.1.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

28.1.2. Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í 4 svæði: Suður- og Vesturland (A, B og C riðill), Vestfirðir (D riðill), Norðurland (E riðill) og Austurland (F riðill). Keppnin er stigakeppni.

28.1.3. Keppni fer fram í A, B, C og D liðum.

- 28.1.4. Leitast skal við að B, C og D lið leiki í sama riðli og A lið.
- 28.1.5. Þau tvö félög sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu félögin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli. Þau tvö félög sem verða neðst í B riðli falla næsta keppnisár niður í C riðil en tvö efstu félögin í C riðli taka sæti þeirra í B riðli.
- 28.1.6. Mótanefnd skal leitast við að hafa ekki færri leiki en átta á hvert lið.
- 28.1.7. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann
- 28.1.8. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-liða um Íslandsmeistaratitilinn. Úrslitakeppni B liða skal fara fram á sama hátt, en úrslitakeppni C og D liða fer fram samkvæmt ákvörðun mótanefndar.
Í keppni A og B liða skal skipa félögum í þrjá riðla með fjórum liðum sem hér segir:
Riðill 1: A1, A4, B3 og D1.
Riðill 2: A2, B2, E1 og F1.
Riðill 3: A3, B1, E2 og C1.
Ef keppni fer ekki fram í D riðli skal lið F2 koma í stað D1
- Leika skal sem hér segir:
Umferð 1: A1-D1, B3-A4, A2-F1, B2-E1, A3-C1, E2-B1
Umferð 2: D1-A4, A1-B3, F1-E1, A2-B2, C1-B1, A3-E2
Umferð 3: B3-D1, A4-A1, B2-F1, E1-A2, E2-C1, B1-A3
- 28.1.9. Sigurvegarar í úrslitariðlunum ásamt því liði sem er með bestan árangur í 2. sæti leika til úrslita viku síðar, þannig að þau mætast fyrst í undanúrslitum og sigurvegararnir síðan í úrslitaleik. Í undanúrslitum skal dregið um hvaða lið mætast, þó þannig að lið úr sama úrslitariðli mætist ekki. KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við þessa leiki í keppni A og B liða. Skal hann miðast við 13 manns í hverju liði.
- 28.1.10. Leikmaður getur aðeins verið hlutgengur með einu liði (A, B, C eða D) sama leikdaginn. Þegar félag er með tvö A og B lið í móti gildir: Leikmanni, sem leikið hefur með liði 1 (A eða B lið), er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.
Leikmaður getur aðeins leikið fyrir eitt lið félags (A, B, C eða D lið) í úrslitakeppni og skal almennt miða við að leikjahæstu leikmenn hvers liðs fyrir sig í riðlakeppni leiki einnig fyrir viðkomandi lið félagsins í úrslitakeppni. Eftirfarandi takmörkunum skal fylgt: Sjó leikjahæstu leikmenn A liðs (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði) eru ekki hlutgengir með B liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A liðs og 7 leikjahæstu leikmenn B liðs eru ekki hlutgengir með C liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A og B liðs og 7 leikjahæstu leikmenn C liðs eru ekki hlutgengir með D liði í úrslitakeppni.
- 28.1.11. Ef félag skilar ekki inn útfylltri leikskýrslu fyrir svæðakeppnina fyrir öll lið viðkomandi félags (A, B, C og D lið) áður en úrslitakeppni hefst getur það ekki fengið þátttökurétt í úrslitakeppni 5. flokks, og tekur næsta lið í svæðakeppni sæti þess.
- 28.1.12. Svæðakeppnin skal hefjast í maílok og ljúka í vikulok í síðari hluta ágúst en úrslitakeppnin um Íslandsmeistaratitilinn skal hefjast viku síðar.

29.gr.

6. flokkur karla

Aldur: 10 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 10 mín. (2 x 5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð um KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 3.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

29.1. Pollamót KSÍ

- 29.1.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.
- 29.1.2. Hverju félagi, sem þátttöku tilkynnir, skal heimilt að senda fjögur lið til keppni, eitt í keppni A liða, eitt í keppni B liða, eitt í keppni C liða og eitt í keppni D liða.
- 29.1.3. Leikmaður er einungis hlutgengur með einu liði (A, B, C eða D) í hverju móti.
- 29.1.4. Keppt skal í riðlum eftir fjölda þeirra félaga sem þátttöku tilkynna. Félög, sem vilja taka til sín og hafa umsjón með riðli skulu tilkynna mótanefnd það fyrir 15. mars.
- 29.1.5. Umsóknirnar eru ekki bindandi fyrir mótanefnd, en þær skulu hafa forgang ef kostur er. Mótanefnd KSÍ skal annast niðurröðun í riðla með tilliti til umsóknanna og skal hún taka mið af eftirfarandi:
 - a. Að eigi séu færri en fjögur lið í riðli.
 - b. Að hafa þau lið saman í riðli sem eru á sama landssvæði eftir því sem frekast er unnt.
- 29.1.6. Mótinu er skipt í tvo hluta, undankeppni og svæðisbundna úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 29.1.7. Undankeppnin skal leikin fyrir 15. júlí en úrslitakeppnin skal leikin um miðjan ágúst þar sem rétt til þátttöku eiga þau félög sem höfnuðu í fyrsta sæti í sínum riðli ásamt því félagi sem hefur umsjón með úrslitakeppninni. Þá getur mótanefnd boðið liði úr 2. sæti í sínum riðli sæti í úrslitakeppninni þegar við á.
- 29.1.8. Í úrslitum skal leikið til úrslita í A, B, C og D liðum. Miða skal við að á Suður- og Vesturlandi taki 8 lið þátt í úrslitum í tveimur riðlum þar sem leikið er til úrslita að lokinni riðlakeppni. Á Norður- og Austurlandi skal miðað við að leikið sé í einum 4 liða riðli. Mótanefnd setur frekari ákvæði um úrslitakeppni ef þörf krefur.
- 29.1.9. Það félag sem sigrar í úrslitakeppni telst Pollameistari KSÍ á viðkomandi svæði.

30.gr.

Eldri flokkur karla 30 ára og eldri

Aldur: 30 ára á almanaksárinu og eldri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 5.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum

30.1. Íslandsmót - 7 manna lið

- 30.1.1. Hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem verða 30 ára á almanaksárinu og eldri.
- 30.1.2. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum
- 30.1.3. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni. Sami leikmaður félags er þá aðeins hlutgengur með öðru liðinu.
- 30.1.4. Mótanefnd skal ákveða fyrirkomulag mótsins þegar þátttaka liggur fyrir.
- 30.1.5. Frávik – 11 manna lið
 - a) Þrátt fyrir að mótið fari fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum er heimilt, ef bæði keppnislið eru sammála um slíkt, að einstakir leikir fari fram skv. knattspyrnulögunum (11 leikmenn og 5 varamenn). Leikmannaskipti skulu þó vera skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.
 - b) Meðferð agamála skal vera skv. ákvæði reglugerðar aga- og úrskurðanefndar KSÍ um keppni í 7 manna liðum.

31.gr.

Eldri flokkur karla 40 ára og eldri

Aldur: 40 ára á almanaksárinu og eldri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 5.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

31.1. Íslandsmót

31.1.1. Hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem verða 40 ára á almanaksárinu og eldri.

31.1.2. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

31.1.3. Mótanefnd skal ákveða fyrirkomulag mótsins þegar þátttaka liggur fyrir.

32.gr.

Meistaraflokkur kvenna

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 1. deild er heimilt að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5.

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í Pepsi-deild kvenna, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

32.1. Íslandsmót

32.1.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þáttökuliðum skipt í tvær deildir. Pepsi-deild skal skipuð 10 liðum og 1. deild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deildar.

32.1.2. Tvö neðstu liðin í Pepsi-deild færast næsta leikár niður í 1. deild og tvö efstu liðin í 1. deild færast næsta leikár upp í Pepsi-deild.

32.1.3. Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 1. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Heimilt er að skipta liðum í riðla eða viðhafa svæðakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í Pepsi-deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.

32.1.4. Í báðum deildum er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni. Heimilt er í 1. deild að víkja frá þessu ákvæðu.

32.1.5. Við niðurröðun leikja skal miða við að hvert lið leiki einn leik í viku en mótanefnd getur þó raðað þéttar niður.

32.1.6. Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í tveimur síðustu umferðum í Pepsi-deild kvenna á sama tíma. Leikir í þessum umferðum, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum skulu ávallt fara fram á sama tíma. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr

- deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessari umferð, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.
- 32.1.7. Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í 1. deild á næsta leikári. Stjórn KSÍ er heimilt að flytja lið upp í Pepsi-deild, þannig að ekki verði færri en 10 lið í deildinni.
- 32.1.8. Lögð skal áhersla á að leikir fari fram á völlum með grasi eða knattspyrnugrasi. Sé leikið á malarvelli (1. deild) skal framkvæmdaraðili leiks (heimalið) tilkynna aðkomuliði um það með sólarhrings fyrirvara.
- 32.1.9. Heimalið greiðir kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálft ferða- og upphaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er aflýst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna félaginu það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar fyrir 18 manns (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómari verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Hafi leiknum verið aflýst með meira en 24 stunda fyrirvara á aðkomulið ekki rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar. Mótanefnd KSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.
- 32.1.10. Tekjur af seldum aðgöngumiðum skulu renna til heimaliðs, en tekjur af útvarpi og sjónvarpi skiptist milli leikaðila. Við aðgöngumiðasölu skal skylt að nota númeraða miða. Stjórn KSÍ getur ákveðið lágmarksverð aðgöngumiða.

32.2. Bikarkeppni KSÍ

- 32.2.1. Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 32.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 32.2.3. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 32.2.4. Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í Pepsi-deild. Aðalkeppni hefst með 16 liða úrslitum þegar lið í Pepsi-deild kvenna hefja þátttöku. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 32.2.5. Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á
- 32.2.6. Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði
- 32.2.7. Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu.
- 32.2.8. Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september.
- 32.2.9. Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.
- 32.2.10. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn bikarkeppninnar.

32.3. Meistarakeppni KSÍ

- 32.3.1. Árlega skal fara fram leikur milli Íslandsmeistara og bikarmeistara KSÍ. Sé sama félag í senn Íslandsmeistari og bikarmeistari skulu Íslandsmeistararnir leika gegn liði því sem varð nr. 2 í Pepsi-deild.
- 32.3.2. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 32.3.3. Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. vallarleiga, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald

fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði. Hagnaður eða tap af leiknum skal skiptast jafnt milli leikaðila.

33.gr.

2. flokkur kvenna

11 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5.

33.1. Íslandsmót

33.1.1. Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A deild skal skipuð allt að 8 liðum, en B deild skal skipuð þeim liðum, sem ekki leika í A deild. Sigurvegari í A deild telst Íslandsmeistari.

33.1.2. Í A deild skal leikin a.m.k. tvöföld umferð og leikur hvert lið a.m.k. tvo leiki gegn hverju hinna liðanna. Fyrirkomulag B deildar skal vera skv. ákvörðun mótanefndar. Keppnin er stigakeppni.

33.1.3. Þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta leikár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Ef B deild er skipt í hópa skal mótanefnd ákveða fyrirkomulag úrslitakeppni B deildar sem ákvarði hvaða félög flytjist í A deild á næsta leikári.

33.1.4. Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

33.2. Bikarkeppni KSÍ

33.2.1. Þátttaka í bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.

33.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.

33.2.3. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.

33.2.4. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

33.2.5. Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skuli hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

7 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 5

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

33.3. Íslandsmót - 7 manna lið

33.3.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

33.3.2. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.

33.3.3. Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.

33.3.4. Mótinu er skipt í tvo hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.

33.3.5. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann.

34.gr.

3. flokkur kvenna

11 MANNA LIÐ

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 80 mín. (2 x 40 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5.

34.1. Íslandsmót - 11 manna lið

- 34.1.1. Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A deild skal skipuð allt að 8 liðum og B deild skal skipuð þeim liðum sem ekki eru í A deild. Heimilt er að skipta B deild í hópa, t.d. eftir landshlutum.
- 34.1.2. Þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta leikár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Ef B deild er skipt í hópa skal mótanefnd ákveða fyrirkomulag úrslitakeppni B deildar sem ákvarði hvaða félag flytjist í A deild og hvaða félag teljist sigurvegari í B deild.
- 34.1.3. Í öllum deildum skal leikin a.m.k. tvöföld umferð. Þó er mótanefnd heimilt að gera undantekningu varðandi B deild. Keppnin er stigakeppni.
- 34.1.4. Eftir deildakeppni skal fara fram úrslitakeppni fjögurra liða um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar. Keppnin skal hefjast í maílok og ljúka í byrjun september.
- 34.1.5. Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

34.2. Bikarkeppni KSÍ

- 34.2.1. Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 34.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 34.2.3. Keppnin er svæðakeppni og skal landinu skipt í fjögur svæði: Suður- og Vesturland, Vestfirði, Norðurland og Austurland.
- 34.2.4. Á Suður- og Vesturlandi skal leikið með útsláttarfyrirkomulagi þannig, að sigurvegari leiks heldur áfram en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 34.2.5. Á hinum landssvæðunum skal leikið með sama hætti og á Suður- og Vesturlandi. Mótanefnd er þó heimilt að láta leika með útsláttarfyrirkomulagi þannig, að bæði sé leikið heima og heiman.

7 MANNA LIÐ

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum

Stærð knattar: 5.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

34.3. Íslandsmót - 7 manna lið

- 34.3.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.
- 34.3.2. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.
- 34.3.3. Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.
- 34.3.4. Mótinu er skipt í tvo hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 34.3.5. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann.
- 34.3.6. Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

35.gr.

4. flokkur kvenna

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum

Stærð knattar: 4.

35.1. Íslandsmót - 11 manna lið

- 35.1.1. Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í svæði: Suðurland, Vesturland og Vestfirðir (A og B riðill), Norðurland (E riðill) og Austurland (F riðill). Keppnin er stigakeppni.
- 35.1.2. Þau tvö lið sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu liðin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli.
- 35.1.3. Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.
- 35.1.4. Mótanefnd skal leitast við að hafa ekki færri leiki en átta á hvert lið.
- 35.1.5. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar.
- 35.1.6. Keppnin skal hefjast í maílok og ljúka í ágústlok.
- 35.1.7. Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokks B liða er ber nafnið 4. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 4. flokki B hefur engin áhrif á 4. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti.
- 35.1.8. Þegar félag er með tvö B lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

7 MANNA LIÐ

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Skiptingar: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

35.2. Íslandsmót - 7 manna lið

- 35.2.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.
- 35.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.
- 35.2.3. Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.
- 35.2.4. Mótinu er skipt í tvo hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 35.2.5. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann.
- 35.2.6. Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

36.gr.

5. flokkur kvenna

Aldur: 12 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 40 mín. (2 x 20 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7.5 mín.)

Skiptingar: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

36.1. Íslandsmót

- 36.1.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum
- 36.1.2. Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í 4 svæði: Suður- og Vesturland (A, og B riðill), Vestfirðir (D riðill), Norðurland (E riðill) og Austurland (F riðill). Keppnin er stigakeppni.
- 36.2.3. Keppni fer fram í A, B, C og D liðum.
- 36.2.4. Leitast skal við að B, C og D lið leiki í sama riðli og A lið.
- 36.2.5. Þau tvö félög sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu félögin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli.
- 36.2.6. Mótanefnd skal leitast við að hafa ekki færri leiki en átta á hvert lið.
- 36.2.7. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann
- 36.2.8. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-liða um Íslandsmeistaratitilinn og skal hún leikin í tveimur 4 liða riðlum. Um nánari tilhögun fer fram samkvæmt ákvörðun mótanefndar. Úrslitakeppni B liða skal fara fram á sama hátt, en úrslitakeppni C og D liða fer fram samkvæmt ákvörðun mótanefndar.
- 36.2.9. Leikmaður getur aðeins verið hlutgengur með einu liði (A, B, C eða D) sama leikdaginn. Þegar félag er með tvö A og B lið í móti gildir: Leikmanni, sem leikið hefur með liði 1 (A eða B lið), er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir. Leikmaður getur aðeins leikið fyrir eitt lið félags (A, B, C eða D lið) í úrslitakeppni og skal almennt miða við að leikjahæstu leikmenn hvers liðs fyrir sig í riðlakeppni leiki einnig fyrir viðkomandi lið félagsins í úrslitakeppni. Eftirfarandi takmörkunum skal fylgt: Sjö leikjahæstu leikmenn A liðs (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði) eru ekki hlutgengir með B liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A liðs og 7 leikjahæstu leikmenn B liðs eru ekki hlutgengir með C liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A og B liðs og 7 leikjahæstu leikmenn C liðs eru ekki hlutgengir með D liði í úrslitakeppni.
- 36.2.10. Ef félag skilar ekki inn útfylltri leikskýrslu fyrir svæðakeppnina fyrir öll lið viðkomandi félags (A, B, C og D lið) áður en úrslitakeppni hefst getur það ekki fengið þátttökurétt í úrslitakeppni 5. flokks, og tekur næsta lið í svæðakeppni sæti þess.
- 36.2.11. Keppnin skal hefjast í maílok og ljúka í ágústlok.

37. gr.
6. flokkur kvenna

Aldur: 10 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 10 mín. (2 x 5 mín.)

Leikmannaskiptingar: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Stærð knattar: 3.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

37.1. Hnátumót

- 37.1.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.
- 37.1.2. Hverju félagi, sem þátttöku tilkynnir, skal heimilt að senda þrjú lið til keppni, eitt í keppni A liða, eitt í keppni B liða og eitt í keppni C liða.
- 37.1.3. Leikmaður er einungis hlutgengur með einu liði (A, B og C) í hverju móti.
- 37.1.4. Keppt skal í riðlum eftir fjölda þeirra félaga sem þátttöku tilkynna. Félög, sem vilja taka til sín og hafa umsjón með riðli skulu tilkynna mótanefnd það fyrir 15. mars.
- 37.1.5. Umsóknirnar eru ekki bindandi fyrir mótanefnd, en þær skulu hafa forgang ef kostur er. Mótanefnd KSÍ skal annast niðurröðun í riðla með tilliti til umsóknanna og skal hún taka mið af eftirfarandi:
- Að eigi séu færri en fjögur lið í riðli.
 - Að hafa þau lið saman í riðli sem eru á sama landssvæði eftir því sem frekast er unnt.
- 37.1.6. Mótinu er skipt í tvo hluta, undankeppni og svæðisbundna úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 37.1.7. Undankeppnin skal leikin fyrir 15. júlí en úrslitakeppnin skal leikin um miðjan ágúst þar sem rétt til þátttöku eiga þau félög sem höfnuðu í fyrsta sæti í sínum riðli ásamt því félagi sem hefur umsjón með úrslitakeppninni. Þá getur mótanefnd boðið liði úr 2. sæti í sínum riðli sæti í úrslitakeppninni þegar við á.
- 37.1.8. Í úrslitum skal leikið til úrslita í A, B og C liðum. Miða skal við að á Suður- og Vesturlandi taki 8 lið þátt í úrslitum í tveimur riðlum þar sem leikið er til úrslita að lokinni riðlakeppni. Á Norður- og Austurlandi skal miðað við að leikið sé í einum 4 liða riðli. Mótanefnd setur frekari ákvæði um úrslitakeppni ef þörf krefur.
- 37.1.9. Það félag sem sigrar í úrslitakeppni telst Hnátumeistari KSÍ á viðkomandi svæði.

V. kafli. MÓTMÆLI, KÆRUR, VIÐURLÖG OG SEKTIR

38. gr.
Mótmæli, kærur o.fl.

- 38.1. Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbot.
- 38.2. Félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti á ákvæðum reglugerðar þessarar, hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar. Kæra skal lögð fram á skrifstofu KSÍ innan tilskilins frests eins og kveðið er á um í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Um málatilbúning fer samkvæmt fyrirnefndri reglugerð.
- 38.3. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar meintum brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar. Skal hann skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings og skal fara með slík mál skv. grein 38.2., eins og við getur átt.

- 38.4. Í innanhúsmótum (Futsal) og úrslitakeppnum yngri flokka þar sem leikið er með hraðkeppnisformi, daglega eða yfir nokkra daga, skulu mótmæli vegna ólöglega skipaðs liðs lögð fram skriflega hjá umsjónaraðila móts (mótsstjóra/fulltrúa KSÍ á staðnum) innan tveggja klukkustunda frá því að atvik það sem mótmælt er bar við. Framkvæmdastjóri KSÍ skal hafa vald til þess að úrskurða í slíkum tilfellum og telji hann að lið hafi augljóslega verið ólöglega skipað skal hann úrskurða leikinn tapaðan liðinu sem í hlut á með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Úrskurði framkvæmdastjóra má kæra til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, en slík kæra kemur ekki í veg fyrir að viðkomandi keppni haldi áfram.
- 38.5. Þótt félag sé uppvíst að brotum á reglugerðum KSÍ eða knattspyrnulögunum, losar það ekki mótaðilann við keppnisskyldu.
- 38.6. Mótanefnd sker úr öllum vafaatriðum varðandi framkvæmd móts eða einstakra leikja og hún hefur rétt til þess að breyta leikstað eða leikstund.
- 38.7. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal beita viðurlögum skv. þessum kafla komist hún að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Jafnframt getur nefndin beitt viðurlögum skv. viðurlagakafla reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Nefndin tekur ekki ákvörðun um sektir skv. 41. gr. nema að ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ hafi verið skotið til nefndarinnar.

39.gr.

Ekki mætt til keppni

- 39.1. Lið, sem ekki mætir til leiks og hefur engar gildar ástæður, telst hafa tapað leiknum 0-3. Viðkomandi lið getur ekki orðið sigurvegari í yfirstandandi móti eða riðli, getur ekki tekið þátt í úrslitakeppni, getur ekki flust í næstu deild eða riðil fyrir ofan næsta keppnistímabil og getur ekki varist falli, þurfi markamismunur að skera úr um röð næstu liða. Viðkomandi leikur getur heldur ekki ráðið úrslitum er grípa þarf til markamismunar við ákvörðun sætis hjá sigurvegaranum og skulu mörk í leikjum gegn því félagi, sem mætti ekki til leiks, ekki teljast með í slíkum tilfellum. Mótanefnd skal haga niðurröðun í næsta móti þannig, að lið sem ekki hefur mætt til leiks án gildra ástæðna, fái ekki leik á heimavelli gegn viðkomandi liði.
- 39.2. Liði, sem ekki mætir til keppni tvo leikdaga í móti, skal vísað úr mótinu.
- 39.3. Liði, sem mætir til leiks með færri en 9 leikmenn, er ekki heimilt að hefja leikinn og telst ekki hafa mætt til hans.

40.gr.

Ólöglega skipað lið

- 40.1. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 200.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 30.000.
- 40.2. Leikmaður sem leikur með yngri aldursflokki en honum ber skal úrskurðaður í leikbann í a.m.k. einn mánuð eð a.m.k. í 6 leiki.
- 40.3. Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 30.000 í meistaraflokki en 15.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 60.000 í meistaraflokki en 30.000 í öðrum flokkum.
- 40.4. Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.

41.gr.
Sektir

- 41.1. Framkvæmdastjóri KSÍ tekur ákvörðun um sektir og bætur samkvæmt grein þessari.
- 41.2. Félag, sem sektað er skv. ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ, getur skotið þeirri ákvörðun til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ innan sólarhrings frá því að félaginu var tilkynnt um ákvörðunina. Málsmeðferð fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fer samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.
- 41.3. Lið, sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og greiða þar að auki bætur til mótaðila sem nemi 50% af ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 30.000. Sé um að ræða leik í keppni 11 manna liða skal upphæðin nema fullum ferðakostnaði fyrir 18 manns til viðkomandi leikstaðar, auk þess sekt til KSÍ að upphæð kr. 130.000 í meistaraflokki en kr. 30.000 í öðrum flokkum. KSÍ skal annast alla innheimtu samkvæmt þessari grein.
- 41.4. Ef lið hættir þátttöku í móti eftir upphaf þess eða er vísað úr móti fyrir að mæta ekki í tvo leiki skal það tapa áunnum stigum, sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins, sæta sektum og er ekki undanþegið skaðabótaskyldum. Sektir skulu vera kr. 100.000 í meistaraflokki og kr. 25.000 í öðrum flokkum.
- 41.5. Lið, sem dregur sig út úr móti fyrir 10. apríl, skal sæta sekt að upphæð kr. 10.000 í meistaraflokki og kr. 5.000 í öðrum flokkum. Frá og með 10. apríl og þar til keppni hefst eru sambærilegar sektir kr. 50.000 í meistaraflokki og kr. 20.000 í öðrum flokkum.
- 41.6. Lið, sem breyta leiktíma og leikstað án samþykkis mótanefndar, skulu sæta sekt að upphæð kr. 20.000 hvort lið.
- 41.7. Vanræksla á skráningu úrslita í gagnagrunn KSÍ varðar sektum, kr. 100 á leik. Vanræksla á skráningu upplýsinga á leikskýrslu í gagnagrunn KSÍ varðar dagsektum, kr. 60 á dag. Vanræksla á skilum á leikskýrslum varðar dagsektum, kr. 60 á dag.
- 41.8. Vanræki aðildarfélag að senda skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld innan tilskilins frests, getur mótanefnd beitt dagsektum, kr. 60 á dag.
- 41.9. Allar sektir skulu renna til KSÍ nema annars sé getið. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þátttöku í keppnum á næsta keppnistímabili.

VI. Kafi. GILDISTAKA

42.gr.
Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18., 26. og 33. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi sbr. 18. grein þeirra laga. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007 með síðari breytingum.